





Öndunarfærasýkingar í byrjun árs 2016

Inflúensufaraldurinn 2015–2016 hófst um áramótin og var því seinna á ferðinni en oft áður. Faraldurinn í samfélaginu náði hámarki í byrjun mars 2016 eins og sjá má á mynd 1. Faraldurinn lagðist allþungt á fólk í aldurshópnum 1–4 ára og 15–59 ára.

Samkvæmt upplýsingum frá sýkingavarnadeild Landspítala jukust innlagnir af völdum inflúensu fram í miðjan mars en eftir það dró úr tíðni innlagna vegna sjúkdómsins, sjá mynd 2. Flestir, eða 77 einstaklingar, greindust með inflúensu af völdum A(H1)pdm09 (svínainflúensu) en 23% greindust með sjúkdóminn af völdum inflúensuveiru B.

Þegar árstíðabundnir inflúensufaraldrar geisa getur borið á umframdaða (andlát umfram það sem búast má við) einkum meðal þeirra sem aldnir eru eða að öðru leyti veikir fyrir. Samkvæmt tölum frá Þjóðskrá er dánartíðnin hér á landi sem af er árinu 2016 innan þeirra marka sem búast má við, sjá mynd 3 á bls. 2. Því er ekkert sem bendir til óvænts umframdaða að þessu sinni.



Framh. bls. 2


Efni:	bls.
Öndunarfærasýkingar í byrjun árs 2016	1
Tilkynningarskyldir sjúkdómar	2
Viðbragðsáætlanir og leiðbeiningar	3
Tilkynning vegna alþjóðaheilbrigðis-reglugerðarinnar	3

Ritstjórn
Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir, ábm.
Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Íris Marelsdóttir
Jónína M. Guðnadóttir
Júlíana Héðinsdóttir



Ritstjóri
Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi

**Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir**

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími 510 1900
Bréfasími 510 1920
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is



Tilkynningarskyldir sjúkdómar



Það sem af er árinu 2016 hafa óvenjulegir margir greinst með lekanda, eða alls 30. Á öllu árinu 2015 greindust 39 einstaklingar með lekanda, sjá mynd 4. Af þeim 30 sem greinst hafa á þessu ári eru 26 karlar og fjórar konur og er meðalaldur þeirra 30 ár (20–56 ára). Samkvæmt tilkynningum til sóttvarnalæknis virðist sýkingin vera algengust meðal karla sem stunda kynlíf með körlum og uppruni smits er innlendur. Fjölónæmar lekandabakteríur hafa ekki greinst á þessu ári en upplýsingar um sýklalyfjagnæmi liggja aðeins fyrir hjá átta af þessum 30 einstaklingum.

Á árinu 2015 skáru tveir tilkynningarskyldir atburðir sig úr með óvenjulegum fjölda tilfella. Alls greindust 77 einstaklingar með hettusótt og 44 einstaklingar greindust með vankómýsin ónæma enterókokka (VÓE). Flestir einstaklinganna greindust með VÓE á Landspítala við skimun sem gerð var vegna VÓE-sýkingar hjá einum sjúklingi í mars 2015. Var það liður í átaki til að uppræta þessar ónæmu bakteríur.

Af þeim sem greindust með hettusótt voru langflestir á aldrinum 20–35 ára (meðalaldur 27 ára) og flestir karlmenn (65%). Hettusóttarfaraldurinn hófst í

apríl 2015 og náði hámarki í júní það ár. Hvatt var til þess að allir sem fæddir voru eftir 1980 og voru óbólusettir létu bólusetja sig gegn sjúkdóminum. Eftir það fjaraði undan sjúkdóminum og á þessu ári greindist síðasta tilfellið í febrúar 2016, sjá mynd 5. Um fimm-tungur þeirra sem greindust með sjúkdóminn voru með sögu um a.m.k. eina bólusetningu gegn hettusótt og er það í samræmi við fyrri fréttir um að bóluefnið gegn hettusótt veitir minni vernd en bóluefnið gegn mislingum og rauðum hundum, sem er í sömu sprautu.



Viðbragðsáætlanir og leiðbeiningar

Viðbragðsáætlun vegna heimsfaraldurs influensu

Önnur útgáfa af landsáætlun um viðbrögð við heimsfaraldri influensu 2016 hefur nú verið gefin út. Viðbragðsáætlun þessi segir fyrir um skipulag og stjórn aðgerða þegar til heimsfaraldurs influensu kemur. Áætlunin styðst við lög um almannavarnir [nr. 82/2008](#) og sottvarnalög [nr. 19/1997](#). Gert er ráð fyrir að atvinnulíf í landinu skerðist í ákveðinn tíma, hluti þjóðarinnar verði rúmfastur vegna veikinda og dánartíðnin verði umfram það sem búast má við í venjulegu árferði.

Fyrsta útgáfa viðbragðsáætlunar vegna heimsfaraldurs influensu var undirrituð þann 28. mars 2008 en helstu breytingar frá fyrstu útgáfu eru þessar:

1. Tekið hefur verið tillit til breytinga á tímaskeiðum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) vegna influensu. Þau voru sex en eru fjögur í dag. Samkvæmt þessari útgáfu hafa háskastig almannavarna verið aðlöguð að tímaskeiðum WHO.


2. Lögregluumdæmum á Íslandi hefur verið fækkað úr 15 í níu samkvæmt breytingu á lögreglulögum [nr. 90/1996](#) og hafa sottvarnaumdæmin verið aðlöguð að breyttri skipan lögregluumdæma samvæmt reglugerð [nr. 387/2015](#).

3. Vöktun í influensufaraldri hefur verið skilgreind frekar.

Tekið hefur verið tillit til vaxandi fjölda ferðamanna og Ferðamálastofa og Samtök ferðapjónustunnar hafa tekið að sér að sinna upplýsingamiðlun til ferðapjónustuaðila þegar til heimsfaraldurs kemur.

Leiðbeiningar við rannsókn á matarbornum sjúkdómum

Í marsmánuði 2016 gáfu sottvarnalæknir, Matvælastofnun og heilbrigðis-eftirlit sveitarfélaga út sameiginlegar leiðbeiningar um verklag við rannsókn og aðgerðir vegna matarborinna sjúkdóma. Rannsókn matarborinna sjúkdóma og viðbrögð við þeim miða að því að finna uppsprettu sjúkdómsins, uppræta hann og koma í veg fyrir frekari veikindi hjá fólki. Markmiðið með leiðbeiningunum er að skilgreina boðleiðir, ábyrgð og hlutverk mismunandi aðila, að tryggja samhæfingu og samræmingu aðgerða og að tryggja fagleg vinnubrögð. Einnig er lögð áhersla á að tryggja upplýsingaflæði til almennings.



Tilkynning vegna alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar

Takmörkunum á ferðalögum og viðskiptum vegna ebólufaraldursins í Vestur-Afríku aflétt

Þann 29. mars sl. gaf bráðanefnd sem starfar samkvæmt alþjóðaheilbrigðisreglugerð (IHR) Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) út yfirlýsingu um ebólufaraldurinn í Vestur-Afríku. Mælti bráðanefndin með því að hætta að flokka faraldurinn sem ógn við lýð-

heilsuna á alþjóðavettvangi í skilningi IHR þótt einstaka tilfelli hafi greinst í Vestur-Afríku að undanförunu.

Í öllum tilvikum hefur verið brugðist við með öflugum hætti og komið í veg fyrir frekari útbreiðslu.

Nefndin lagði áherslu á að engar takmarkanir ættu að vera í gildi á ferðum til Gíneu, Líberíu og Síerra Leóne eða á viðskiptum við þessi lönd.

Framkvæmdastjóri WHO hefur tekið undir þetta álit bráðanefndarinnar og er því öllum fyrirmælum um slíkar takmarkanir aflétt.